



Alþingi - Félags- og tryggingamálanefnd  
b.t.Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

***Umsögn Reykjavíkurborgar um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda***

Á fundi borgarráðs var lögð fram umsögn Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda. Borgarráð samþykkti að fela borgarlögmanni að veita umbeðna umsögn.

Reykjavíkurborg tekur undir meðfylgjandi umsögn Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Jafnframt vekur Reykjavíkurborg athygli á því að í tillögunni er ítrekað minnst á hlutverk Fjölmeningarsetursins á Vestfjörðum. Af því tilefni og án þess að gera lítið úr mikilvægi Fjölmeningarsetursins er minnt á að Alþjóðahúsið sinnir nú fjölmörgum þeirra verkefna sem fyrirhugað er að framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda taki til. Hefur Reykjavíkurborg ásamt Hafnarfjarðarbæ, Kópavogsbæ og Seltjarnarnesbæ m.a. gert samning við Alþjóðahúsið í Reykjavík um að veita ýmsa þjónustu er lúta að málefnum innflytjenda eins og fram kemur í meðfylgjandi afriti þjónustusamnings Alþjóðahúss og Reykjavíkurborgar. Þá hefur verið opnað Alþjóðahús á Akureyri og liggur fyrir þjónustusamningur milli Alþjóðahúss og Akureyrarbæjar um starfsemina þar. Reykjavíkurborg þykir eðlilegt að Alþjóðahúss sé einnig getið í framkvæmdaáætluninni úr því verið er að tiltaka sérstaklega einstakar stofnanir sem að málum innflytjenda koma enda hefur mikil þekking og reynsla byggst þar upp á liðnum árum.


Kristbjörg Stephensen

Hjálagt:

- Umsögn Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, dags. 9. maí 2008
- Samningur um þjónustu Alþjóðahússins ehf við Reykjavíkurborgar frá febrúar 2007



Reykjavíkurborg  
Velferðarsvið



Til borgarráðs  
Ráðhúsi Reykjavíkur

Reykjavík, 9. maí 2008

**Efni: Umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda. Lögð fram á 135. löggjafarþingi 2007-2008. Þskj. 836 – 535. mál.**

Vísað er til bréfs nefndarritara félags- og tryggingamálanefndar, dags. 22. apríl 2008, er varðar beiðni til skrifstofu borgarstjóra um að veita umsögn um ofangreinda tillögu. Bréfið var sent frá skrifstofu borgarlögmans til sviðsstjóra Velferðarsviðs til umsagnar með orðsendingu, dags. 25. apríl 2008.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar styður það meginmarkmið sem fram kemur í fyrrgreindri þingsályktunartillögu, þ.e. að koma á fót heildstæðri framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda. Ljóst er að tryggja þarf aðgengi íbúa af erlendum uppruna að opinberri þjónustu og auðvelda þeim að verða virkir þátttakendur í samfélaginu. Leggja þarf aukna áherslu á aðstoð til þessa hóps með það að markmiði að hann aðlagi sig að íslensku samfélagi. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar telur framangreinda tillögu til þingsályktunar vera mikilvægan lið í því efni.

Af hálfu Velferðarsviðs er jafnframt bent á að þær aðgerðir sem lagt er til að gripið verði til samkvæmt 12. kafla tillögunnar, s.s. túlkajónusta, munu leggja auknar fjárhagslegar byrðar á sveitarfélögin.

F.h. Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar,

  
Helga Jóna Benediktssdóttir, lögfr.

R06/00/00  
K-250

## **Þjónustusamningur**

**- samningur um þjónustu  
Alþjóðahússins ehf.  
við  
Reykjavíkurborg**

**Janúar til desember 2007**

Undirritaðir aðilar, Alþjóðahúsið ehf., kt. 550501-3330 Hverfisgötu 18, 101 Reykjavík og Reykjavíkurborg kt. 530269-7609, Ráðhúsi Reykjavíkur, 101 Reykjavík, gera með sér eftirfarandi:

## **Samningur** **um þjónustu Alþjóðahússins við Reykjavíkurborg**

### **1. gr.** **Inngangur**

Alþjóðahúsið ehf. er í eigu Kosmos ses.

Alþjóðahúsinu er ætlað að vera leiðandi á sviði sérþekkingar um fjölmenningsleggt samfélag og hvetja til umræðu og nýsköpunar á því sviði. Markmið með samstarfi Alþjóðahúss og Reykjavíkurborgar er að það skili árangursríkri og sérhæfðri þjónustu í þágu íbúa borgarinnar. Alþjóðhúsið leitar víðtæks samstarfs bæði innanlands og utan og má þar nefna aðila vinnumarkaðarins, trúfélög, stofnanir og samtök sem sinna sambærilegum verkefnum erlendis.

Alþjóðahúsið verði áfram miðstöð þekkingar á fjölmenningslegu samfélagi, vettvangur samstarfs fólks af innlendum og erlendum uppruna og veiti útlendingum og öðrum sérhæfða þjónustu.

Stefnumótun í starfsmannamálum skal vera framsækin og fólk af mismunandi þjóðerni skal koma að starfi hússins. Starfsmenn Alþjóðahússins eru starfsmenn hlutafélagsins og fer um réttindi þeirra, skyldur og launkjör eftir ráðningarsamningum þeirra við hlutfélagið.

Í samningi þessum er gert ráð fyrir rekstrarframlagi Reykjavíkurborgar á árinu 2007 að upphæð kr. 20.000.000.

Alþjóðahúsið mun að öðru leyti afla tekna, styrkja og samstarfs um verkefni og nýsköpun á verksviði sínu hjá öðrum aðilum, bæði innanlands og utan.

### **2. gr.** **Markmið samningsins**

**Meginmarkmiðið** samningsins er að styðja við öflugan starfsemi Alþjóðahússins og þannig stuðla að því að íbúar Reykjavíkur nýti kosti fjölmenningslegs samfélags þar sem jafnrétti og gagnkvæm virðing einkenna samskipti fólks af ólíkum uppruna og útlendingum sem flust hafa til landsins verði gert kleift að taka virkan þátt í íslensku samfélagi.

**Megintilgangur** með samningnum er að stuðla að því:

- Að fólk af ólíkum uppruna tengist á jákvæðan hátt, unnið verði gegn fordómum gagnvart útlendingum með markvissum hætti og leitast verði við að koma í veg fyrir árekstra vegna mismunandi bakgrunns íbúa.

- Að árangursrík og samhæfð þjónusta sé við íbúa af erlendum uppruna þannig að þeir útlendingar sem hér búa verði virkir þátttakendur í íslensku samfélagi og að reynsla þeirra og þekking nýtist.
- Að vettvangur til frumkvæðis og nýsköpunar á sviði fjölmenningslegs samfélags sé til staðar, þar sem unnið er að rannsóknum, þekkingaröflun og þekkingarmiðlun.
- Að efla samstarf sveitarfélaga og félagasamtaka á þessu sviði og leita nýrra leiða til að takast á við ný verkefni og breytt samfélag.

### 3. gr. Samstarfsráð

Samstarfsráð er sameiginlegur vettvangur til skoðanaskipta um starfsemi Alþjóðahúss Samstarfsráð samningsaðila skal skipað með eftirfarandi hætti:

Tveir fulltrúar stjórnar Alþjóðahúss, framkvæmdastjóri Alþjóðahúss og einn fulltrúi frá hverju sveitarfélagi sem gerir þjónustusamning við Alþjóðahúsið.

Samstarfsráð skal hittast a.m.k. tvisvar á ári, í febrúar og október. Á fundi samstarfsráðs í október skal fjallað um starfsáætlun, fjárhagsáætlun og gjaldskrármál. Stjórn Alþjóðahússins kallar ráðið saman þess utan telji hún þörf á því.

### 4. gr. Skilgreining þjónustu

Með samningi þessum skal Alþjóðahúsið veita eftirfarandi þjónustu:

- 4.1 Sérhæfða ráðgjöf í málefnum fólks af erlendum uppruna og veita þeim aðstoð við að aðlagast fjölmenningslegu samfélagi. Í því felst rík frumkvæðisskylda gagnvart stofnunum Reykjavíkurborgar.
- 4.2 Aðstoð við nefndir Reykjavíkurborgar sem koma að fjölmenningslegum verkefnum, m.a. mannréttindanefnd.
- 4.3 Almenna upplýsingamiðlun til útlendinga, t.d. útgáfu upplýsinga um íslenskt samfélag á erlendum tungumálum og hafi umsjón með eða styðji útgáfu upplýsingarits um málefni útlendinga á ýmsum tungumálum. Alþjóðahús hafi aðgengilegar upplýsingar á Veraldarvefnum og hafi ákveðið frumkvæði að samstarfi um samræmda upplýsingagjöf á vegum ríkis, Reykjavíkurborgar og félagasamtaka til fólks af erlendum uppruna.
- 4.4 Aðstöðu til félags- og menningarstarfs fólks af erlendum uppruna og móðurmálskennslu. Alþjóðahúsið skal auðga og styrkja lista- og menningarlíf í borginni með því að kynna menningu og listir hinna ýmsu þjóðerna og skipuleggja viðburði og verkefni sem tengja saman fólk af ólíkum uppruna. Leitast skal við að vinna að slíkum verkefnum í samstarfi við stofnanir Reykjavíkurborgar og félagasamtök. Þannig skal Alþjóðahúsið t.d. leitast við að vera sýnilegt og taka sem virkastan þátt í þeirri skipulögðu dagskrá sem borgin efnir til fyrir íbúa sína hverju sinni.

4.5 Leiðbeiningar og sérhæfða ráðgjöf til fólks af erlendum uppruna ef því er ekki sinnt innan þeirra stofnana sem fyrir eru. Jafnframt að hvetja til þess að opinberir aðilar sinni sértækri ráðgjöf við útlendinga, m.a. með því að gefa stofnunum sveitarfélaga kost á starfsemi í húsinu.

Ennfremur skal Alþjóðahús:

4.6 Skipuleggja sjálfbúið starf til að auka samskipti fólks af ólíkum uppruna.

4.7 Vera aflvaki nýrrar hugsunar og nýsköpunar í þróun þjónustu með því að hvetja til kannana, m.a. á högum útlendinga hér á landi og viðhorfum til þeirra. Einnig að vera leiðandi í umræðu um hið fjölmenningslega samfélag, m.a. með skipulagningu ráðstefna og funda.

4.8 Koma að öðru því sem lýtur að tilgangi Alþjóðahússins og málefnum tengdum fjölmenningslegu samfélagi.

### Útseld þjónusta

Með samningi þessum skuldbindur Alþjóðahúsið sig til að veita eftirfarandi þjónustu:

5.1 Skipuleggja og reka útselda túlkþjónustu fyrir einstaklinga, hópa eða stofnanir, en stofnanir Reykjavíkurborgar greiða, skv. reikningi fyrir þá túlkþjónustu sem Alþjóðahúsið veitir borginni.

5.2 Skipuleggja sérhæfð námskeið m.a. um fordómafræðslu fyrir starfsmenn Reykjavíkurborgar, en stofnanir Reykjavíkurborgar greiða, skv. reikningi fyrir slík sérhæfð námskeið. Einnig að skipuleggja slík námskeið fyrir aðrar opinberar stofnanir, félagasamtök og fyrirtæki, skv. gjaldskrá hlutaðeigandi.

5.3 Veita fyrirtækjum og félagasamtökum stuðning og sérhæfða ráðgjöf við að aðlagast fjölmenningslegu samfélagi, skv. gjaldskrá.

5.4 Leigja út aðstöðu fyrir kaffihús.

### 5. gr.

#### Mat á starfseminni

Reglulegt mat fari fram á starfsemi Alþjóðhússins og í því skyni verði á samningstímanum gerð könnun á því meðal starfsfólks hússins, gesta og annarra notenda þjónustunnar um gildi starfseminnar. Auk þess verði viðhorf íbúa Reykjavíkur til starfseminnar könnuð í almennum viðhorfskönnunum Reykjavíkurborgar.

Haldið verði utan um tölulegar upplýsingar, m.a. um fjölda gesta, fjölda þeirra sem fá túlkþjónustu, fjölda fræðslunámskeiða og samstarfsverkefni sem Alþjóðahús tekur þátt í eða hefur frumkvæði að. Upplýsingar verði gefnar út í formi ársskýrslu/starfsáætlunar sem einnig verður birt á heimasíðu Alþjóðahúss og Reykjavíkurborgar.

**6. gr.  
Fjármál**

Til að sinna þeim verkefnum sem samningur þessi kveður á um greiðir Reykjavíkurborg til reksturs Alþjóðahússins ehf., kr. 20.000.000- tuttugumilljónir - á ári á samningstímanum.

Reykjavíkurborg skal njóta 15% afsláttar af útseldri vinnu á vegum hússins samkvæmt gjaldskrá þess hverju sinni, þ.e. túlkþjónustu og sérhæfðum námskeiðum.

Greiðslutilhögun skal vera með þeim hætti að Reykjavíkurborg greiðir kr. 10.000.000 fyrir 10. febrúar 2007 og kr. 10.000.000 fyrir 10. júní sama ár.

**7. gr.  
Gildistaka, gildistími og endurskoðunarákvæði**


Samningurinn tekur gildi frá og með 1. janúar 2007 og gildir til 31. desember 2007.

Aðilar skulu fyrir lok samningstímans eða fyrir 1. desember 2007 ákveða hvort stefna skuli að nýjum þjónustusamningi og skal þá slíkur samningur liggja fyrir við lok samningstímans.


Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Til staðfestu öllu framangreindu rita aðilar nöfn sín hér undir í viðurvist þar til kvaddra vitundarvotta.

Reykjavík, febrúar 2007

  
F.h. Reykjavíkurborgar



  
F.h. Alþjóðahússins ehf.

Vottar að rétttri undirskrift, dagsetningu og yfirlýsingu aðila um fjárræði sitt: